

NOTKUNARSKILMÁLAR – IN-CAR PAYMENT

1.UMFANG OG LÝSING Á IN-CAR PAYMENT

1.1. Umfang þessara notkunarskilmála og samningsaðilar

Þessir skilmálar gilda um veitingu In-Car Payment („þjónustan“) og eiga við um notanda þjónustunnar („þú“). In-Car Payment er veitt þér af Hyundai Connected Mobility GmbH, skráð undir skráningarnúmerinu HRB 56445, Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi; netfang: info@Hyundai-connect.eu („Hyundai“, „við“, „okkur“, „okkar“).

1.2. Lýsing á In-Car Payment

In-Car Payment gerir þér kleift að hefja kaup á tilteknum vörum og þjónustu á auðveldan hátt innan úr ökutækinu þínu.

Vörurnar og þjónustan sem er í boði í gegnum In-Car Payment er veitt af söluaðilum þriðja aðila („söluaðilar“) sem eru óháðir Hyundai.

In-car Payment auðveldar greiðslu fyrir vöru og þjónustu sem keypt er af söluaðilum með því að leyfa þér að nota greiðsluupplýsingarnar sem þú hefur vistað í Hyundai Pay.

Áður en þú getur notað In-Car Payment þarftu að ljúka skráningarferlinu sem lýst er í hluta 2.

1.3. Hlutverk Hyundai og söluaðilanna

Samningurinn varðandi vörurnar og/eða þjónustuna (t.d. að greiða fyrir bílastæði) er gerður beint á milli þín og söluaðila.

Þjónusta In-car Payment gerir þér kleift að finna söluaðila og tilboð þeirra.

Eftir kaupin geturðu hafið greiðslu til söluaðila með því að nota valinn greiðslumáta sem geymdur er í Hyundai Pay.

Hyundai er ekki aðili að samningnum sem gerður er á milli þín og söluaðilans.

Hyundai veitir hvorki vörurnar og/eða þjónustuna sem þú pantar frá söluaðilanum, né tekur Hyundai þátt í greiðsluferlinu.

Raunveruleg greiðsluvinnsla fer fram af greiðsluþjónustu viðkomandi söluaðila.

1.4. Framboð In-Car Payment

Þjónusta sem notar In-Car Payment er í boði byggt á váttryggingu undirliggjandi söluaðila.

Sjá skilmála viðeigandi söluaðila.

Hyundai áskilur sér rétt til að minnka eða stækka lista yfir lönd þar sem In-Car Payment er fáanlegt.

2.FORSENDUR TIL AÐ NOTA VIRKJADA ÞJÓNUSTU IN-CAR PAYMENT

2.1. Almennar forsendur

Til þess að þú getir notað In-Car Payment þarftu að hafa:

- Samhæft ökutæki;
- Virka Hyundai Bluelink áskrift;
- Virkan Hyundai Pay reikning;
- Vera skráð(ur) í In-Car Payment eins og lýst er hér að neðan (sjá 2.2).

2.2. Skráning í In-Car Payment

Áður en þú notar In-Car Payment þarftu að skrá þig í þjónustu Bluelink í myHyundai-appinu. Skráning í In-Car Payment krefst samþykkis á gildandi notkunarskilmálum In-Car Payment og að minnsta kosti eins söluaðila (t.d. Parkopedia Ltd., bílastæðapjónustuveitanda) í gegnum myHyundai-appið.

Þegar skráningareyðublaðið er sent inn í appinu með því að smella á „Staðfesta“ í skráningarferlinu fyrir In-Car Payment er gerður samningur (i) milli þín og Hyundai um notkun á þjónustu In-Car Payment og (ii) milli þín og viðkomandi söluaðila (t.d. Parkopedia Ltd.) vegna notkunar á þjónustu söluaðila (sjá notkunarskilmála söluaðila fyrir frekari upplýsingar; ef um Parkopedia er að ræða: <https://www.parkopedia.com/terms-and-conditions/>).

Sem hluti af skráningarferlinu (eða síðar í stillingum In-Car Payment) geturðu stillt PIN-númer sem síðan verður að slá inn í ökutækið áður en þú kaupir til að tryggja að aðeins þú eða viðurkenndir þriðju aðilar með þekkingu á PIN-númerinu geta gengið frá kaupum í þínu nafni. Þetta PIN-númer er sjálfgefið óvirkt.

2.3. Tengja ökutæki við In-Car Payment

Hvert ökutæki sem nota á In-Car Payment verður að vera tengt við þjónustu In-Car Payment.

Þetta er nauðsynlegt vegna þess að fleiri en eitt ökutæki gæti verið tengt við Bluelink-reikninginn þinn og þú gætir viljað nota In-Car Payment eingöngu með völdum ökutækjum.

Þegar þú tengir ökutæki verður þú beðin(n) um að slá inn viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að nota tiltekna þjónustu; skráningarnúmer ökutækis og skráningarland til að gera söluaðilum (eins og rekstraraðilum bílastæða) kleift að bera kennsl á ökutækið þitt og samsvarandi kaup (svo sem bílastæðatíma).

2.4. Veldu greiðslumáta í Hyundai Pay

Til að nota In-Car Payment þarftu að velja greiðslumáta af Hyundai Pay-reikningnum þínum sem þú vilt nota til að greiða fyrir vörur og þjónustu sem keypt er með In-Car Payment.

Ef þú hefur ekki enn skráð greiðslumáta í Hyundai Pay færðu leiðsögn í gegnum skráningarferlið fyrir Hyundai Pay og/eða ferlið við að bæta greiðslumáta við Hyundai Pay.

Skoðaðu notkunarskilmála Hyundai Pay fyrir frekari upplýsingar.

2.5. Bættu við einum eða fleiri söluaðilum til notkunar með In-Car Payment

Áður en þú kaupir hjá tilteknum söluaðila (svo sem að borga fyrir bílastæði, vegatolla o.s.frv.) þarftu að bæta viðkomandi söluaðila við In-Car Payment reikninginn þinn.

Fyrsta söluaðilanum verður bætt við meðan á skráningu stendur fyrir In-Car Payment (sjá hluta 2.2); þú getur bætt við fleiri söluaðilum síðar þegar þeir eru gerðir aðgengilegir.

Í þessu ferli verður þú beðin(n) um að samþykkja notkunarskilmála viðkomandi söluaðila og staðfesta persónuverndartilkynningu söluaðilans.

Þetta er nauðsynlegt vegna þess að raunverulegar vörur og þjónusta sem þú kaupir verður veitt samkvæmt beinum samningi milli þín og söluaðila (sjá hluta 3).

3. NOTKUN IN-CAR PAYMENT, TENGLI VIÐ SÖLUADILA, GREIÐSLUVINNSLA OG ÚTGÁFA REIKNINGA

3.1. Hlutverk Hyundai og söluaðila

In-Car Payment er eingöngu til þess fallið að auðvelda samningsgerð við söluaðila og auðvelda þér að veita söluaðila greiðsluupplýsingarnar.

Samningurinn sem á að veita vörurnar og þjónustuna samkvæmt er gerður beint á milli þín og söluaðila, með fyrirvara um skilmála söluaðila og gagnaverndarupplýsingar fyrir viðkomandi vöru og/eða þjónustu.

Söluaðillinn er einnig ábyrgur fyrir (i) að útvega þér keyptu vöruna eða þjónustuna, fyrir (ii) að útvega þér reikning fyrir vöruna eða þjónustuna sem þú keyptir og fyrir (iii) að gera upp allar greiðslur sem gjaldfallnar eru með því að

innheimta þann greiðslumáta sem veittur er af þér í gegnum greiðsluupplýsingarnar sem þú valdir á Hyundai Pay (sjá hluta 2.4).

Til þess að bæta fleiri söluaðilum (eins og Hyundai kann að gera aðgengilega af og til) svo sem Parkopedia við In-Car Payment, verður þú að samþykkja alla skilmála og stefnur sem söluaðilinn gefur þér.

Viðeigandi skilmálar verða veittir þér á meðan á tengingarferlinu stendur (sjá hluta 2.5).

3.2. Að hefja kaup með In-Car Payment

Þú færð tilkynningu í miðlæga stjórnborð ökutækis þíns þegar þú getur notað virkjaða þjónustu In-Car Payment, t.d. mun leiðsögukerfið um borð sýna möguleika á að nota In-Car Payment til að hefja greiðslu fyrir bílastæði þegar þú ferð á bílastæði þar sem söluaðili í samvinnu við Hyundai býður upp á greiðslu í gegnum In-Car Payment.

Vörurnar eða þjónustan sem er í boði fyrir þig munu birtast í röð eftir fjarlægð við núverandi staðsetningu þína. Ef um er að ræða jafna fjarlægð verður röðin ákvörðuð í stafrófsröð.

Með því að smella á viðkomandi vöru eða þjónustu færðu frekari upplýsingar um þær vörur og þjónustu sem boðið er upp á, kaupmöguleika og greiðsluskilmála og allar aðrar upplýsingar sem tengjast kaupum á vörum og þjónustu viðkomandi söluaðila.

Með því að velja „Greiða“ leggur þú fram til söluaðila bindandi tilboð um að gera kaupsamning við söluaðila.

Kaupsamningurinn tekur gildi þegar söluaðilinn samþykkir tilboð þitt.

Upplýsingarnar sem birtast í þessu ferli eru veittar af viðkomandi söluaðila; vinsamlegast hafðu samband við viðkomandi söluaðila ef þú hefur einhverjar spurningar í þessu sambandi.

3.3. Greiðsla fyrir kaup sem hefjast með In-Car Payment

Greiðsluvinnsla er á ábyrgð viðkomandi söluaðila og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Greiðslan fer fram í gegnum færslu sem hafin er af söluaðila.

Þetta þýðir að þegar þú notar In-Car Payment, þá tilkynnir þú (þar sem þú ert endanlegur viðskiptavinur og sá sem greiðir fyrir keyptu vöruna/þjónustuna) aðeins fyrirætlanir þínar um að greiða fyrir vörur og/eða þjónustu viðkomandi söluaðila.

Raunveruleg greiðslufærsla (og heimild fyrir henni) er meðhöndluð af söluaðila og greiðsluþjónustuveitanda hans.

Til að gera söluaðila kleift að ganga frá greiðslu fyrir vöruna eða þjónustuna sem þú pantaðir með In-Car Payment, munum við veita söluaðilanum þær upplýsingar sem þarf til að innheimta þann greiðslumáta sem þú hefur valið til notkunar með Hyundai Pay (sjá hluta 2.4).

Þetta þýðir að söluaðilanum verður útvegað merki greiðslumáta sem vistað er í Hyundai Pay (sjá notkunarskilmála Hyundai Pay fyrir frekari upplýsingar).

Hverjum söluaðila er frjálst að velja þann greiðsluþjónustuveitanda sem hann vill eiga samstarf við.

Hyundai er ekki í neinu samningssambandi við viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda og tekur ekki þátt í greiðsluferlinu (nema að útvega söluaðila greiðslumerki greiðslumáta sem þú valdir).

Það fer eftir greiðslumáta sem valinn er og svikavarnakerfi greiðsluþjónustuveitanda söluaðila hvort þú þurfir að staðfesta greiðsluna.

Það gæti til dæmis þurft að gefa upp CVV/CVC (öryggisnúmer korts) kreditkorts þíns til greiðsluþjónustuveitanda söluaðila eða heimila greiðsluna í bankaappinu í farsímanum þínum.

Þar sem Hyundai er ekkert samningsbundið við greiðsluþjónustuveituna getur Hyundai ekki veitt neinn stuðning varðandi greiðslurnar.

Vinsamlegast hafðu samband við viðkomandi söluaðila eða bankann þinn til að leysa vandamál eða ef þú hefur spurningar varðandi greiðsluheimild.

3.4. Útgáfa reikninga

Reikningar fyrir vöru og þjónustu sem keypt er í gegnum In-Car Payment verða gefnir út beint af viðkomandi söluaðila.

Það er á ábyrgð söluaðila að útvega þér réttan reikning.

Til þæginda getur Hyundai boðið upp á yfirlit yfir færslurnar sem þú framkvæmdir við ákveðinn söluaðila í myHyundai-appinu.

4.KOSTNAÐUR VIÐ NOTKUN IN-CAR PAYMENT

In-Car Payment er veitt þér sem notanda að kostnaðarlausu.

Öll gjöld sem greiðast fyrir vörunar og þjónustuna sem þú kaupir með In-Car Payment eru ákvörðuð af viðkomandi söluaðila og lúta notkunarskilmálum söluaðilans.

Athugaðu að útgáfubanki kortsins gæti innheimt gjöld fyrir útvegum og notkun á greiðslukortinu þínu.

Þau byggjast á notkunarsamningi þínum við útgáfubanka greiðslukortsins.

5.SKYLDUR ÞÍNAR SEM NOTANDA; SKAÐABÆTUR

5.1. Þér er óheimilt að nota In-Car Payment í neinum sviksamlegum, ólöglegum eða móðgandi tilgangi, eða á nokkurn hátt sem ekki er lýst í þessum notkunarskilmálum eða öðru efni sem við útvegum þér, eða sem truflar afhendingu okkar á In-Car Payment til þín eða til annarra viðskiptavina okkar.

5.2. Þú samþykkir að þú skulir ekki misnota eða grípa til aðgerða eða aðgerðarleysis sem skaða rekstur okkar, þjónustu, orðspor, starfsmenn eða aðstöðu.

Ef um misnotkun eða skaðlega aðgerð eða aðgerðarleysi er að ræða af þinni hálfu, þ.m.t. veitingu á ólöglegu efni, hvort sem er vísitandi eða af gáleysi, samþykkir þú að bæta, verja og halda okkur skaðlausum frá og gegn öllum kostnaði, útgjöldum (þ.m.t. allur dóms- og lögfræðikostnaður innan lögbundinnar upphæðar), tapi, skaðabótum og öðrum skuldbindingum sem upp koma vegna eða eru í tengslum við kröfu sem þriðji aðili gerir á hendur okkur sem stafar að hluta til eða öllu leyti af þeirri notkun eða misnotkun, eða aðgerðum þínum eða aðgerðaleysi.

Krafa um skaðabætur á ekki við ef notandinn ber ekki ábyrgð á brotinu.

5.3. Engin notkun þriðja aðila á greiðsluaðgerðinni

Þú mátt ekki gefa upp PIN-númerið þitt til að heimila greiðsluna með því að nota In-Car Payment (sjá hluta 2.2) eða öðrum aðgangsskilríkjum fyrir In-Car Payment til þriðja aðila, nema viðurkenndum fulltrúum sem starfa í þínu nafni sem skuldbinda sig til að birta aðgangsskilríki þín ekki til óviðkomandi þriðja aðila.

Þú berð ábyrgð á að vernda Bluelink-reikninginn þinn, In-Car Payment og greiðslukortaupplýsingar fyrir óviðkomandi aðgangi þriðja aðila vegna þinna eigin aðgerða með því að tryggja að enginn utanaðkomandi þriðji aðili fylgist með þegar þú slærð inn upplýsingar þínar þegar þú notar greiðsluaðgerðina.

Hyundai er ekki ábyrgt fyrir tjóni af völdum þriðju aðila sem vegna gáleysis af þinni hálfu öðlast og hugsanlega nota aðgangsskilríki þín eða greiðslukortagögn.

6.EFNISSTÝRING; RÁÐSTAFANIR GEGN ÓLÖGLEGU EFNI OG MISNOTKUN; INNRA VINNSLUKERFI VARÐANDI KVARTANIR

6.1. Hyundai ber ekki skylda til að fylgjast með eða staðfesta áreiðanleika efnis sem þú, söluaðilarnir eða einhver annar þriðji aðili veitir eða rannsaka á virkan hátt aðstæður sem gefa til kynna efni sem brýtur í bága við lög eða réttindi þriðja aðila eða þessa notkunarskilmála („**ólöglegt efni**“).

Hins vegar áskilur Hyundai sér rétt til að skoða efnið sem þú eða einhver annar þriðji aðili veitir af fúsum og frjálsum vilja, að eigin frumkvæði og að eigin geðþótta og gera aðrar ráðstafanir til að bera kennsl á og fjarlægja ólöglegt efni eða loka fyrir aðgang að ólöglegu efni eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana gegn þér eða þriðja aðila til að uppfylla lagaskilyrði.

Hyundai notar ýmsar aðferðir og verkfæri til að greina og stjórna ólöglegu efni, þar á meðal sjálfvirkir síukerfi og handvirkir eftirlit. Auk þess býður Hyundai upp á tilkynninga- og aðgerðakerfi („tilkynninga- og aðgerðakerfi“) sem gerir það kleift að tilkynna um ætlað ólöglegt efni í samræmi við 16. gr. í reglugerð (ESB) 2022/2065 („lög um stafræna þjónustu“ eða „DSA“).

6.2. Hyundai hefur rétt á að eyða hvaða efni sem er frá þriðja aðila í heild eða að hluta eða seinka eða birta slíkt efni ef það eru áþreifanlegar vísbendingar um að um ólöglegt efni sé að ræða.

Í slíkum tilvikum kann Hyundai einnig tímabundið að stöðva og/eða varanlega loka fyrir notkun In-Car Payment hjá þér eða þriðja aðila.

Við val á viðeigandi ráðstöfun mun Hyundai taka tillit til lögmætra hagsmuna þinna og lögmætra hagsmuna viðkomandi þriðja aðila, sérstaklega hvort þú eða þriðji aðilinn eigi sök á brotinu.

Ef Hyundai grípur til einhverrar af ofangreindum ráðstöfunum, (i) mun Hyundai upplýsa þig eða þriðja aðila um ráðstöfunina og hvers kyns réttarúrræði sem þú eða þriðji aðilinn gæti átt rétt á, tilgreina ástæður skv. 17. gr. DSA; og (ii) þú munt hafa tækifæri til að áfrýja ákvörðun Hyundai innan ramma innra vinnslukerfis varðandi kvartanir („**innra vinnslukerfi varðandi kvartanir**“) sem Hyundai lætur í té í að minnsta kosti sex mánuði eftir ákvörðunina.

6.3. Komi til þess að þú eða þriðji aðili lætur oft í té augljóslega ólöglegt efni mun Hyundai fresta veitingu In-Car Payment til þín eða þriðja aðila í hæfilegan tíma eftir fyrirfram viðvörðun skv. 23. gr. DSA.

Sama á við ef þú eða þriðji aðili sendir oft inn tilkynningar í gegnum tilkynninga- og aðgerðakerfi okkar eða kvartanir í gegnum innra vinnslukerfi okkar varðandi kvartanir sem eru augljóslega tilefnislausar.

Við ákvörðun um stöðvun á aðgangi þínum eða þriðja aðila og tímalengd hennar mun Hyundai meta í hverju tilviki fyrir sig, tímanlega, af kostgæfni og með hlutlægum hætti, hvort þú eða þriðji aðilinn ert oft að veita augljóslega ólöglegt efni eða oft að senda inn tilkynningar í gegnum tilkynninga- og aðgerðakerfi okkar eða kvartanir í gegnum innra vinnslukerfi varðandi kvartanir sem eru augljóslega tilefnislausar.

Slíkar aðstæður fela í sér að lágmarki (i) algildan fjölda hluta af augljóslega ólöglegu efni eða augljóslega tilefnislausum tilkynningum eða kvörtunum, sem lögð eru fram innan tiltekins tímaramma; (ii) hlutfallslegt hlutfall þeirra miðað við heildarfjölda upplýsinga sem veittar eru eða tilkynningar sem lagðar eru fram innan tiltekins tímaramma; (iii) alvarleika misnotkunarinnar, þar með talið eðli ólöglegs efnis, og afleiðingar þess; og (iv) áform þín eða þriðja aðila, þar sem hægt er að bera kennsl á þau.

7. BREYTINGAR Á ÞESSUM SKILMÁLUM

Við áskiljum okkur rétt til að breyta þessum notkunarskilmálum eða þjónustunni vegna efnahagslegrar, lagalegrar eða tæknilegrar þróunar í framtíðinni í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

Breytingar sem eru lagalega hagstæðar eða hlutlausar fyrir þig skulu taka gildi þegar í stað.

Ef um er að ræða breytingar sem hafa veruleg neikvæð áhrif á aðgang þinn að eða notagildi In-Car Payment, verður þér tilkynnt með hæfilegum fyrirvara eiginleika og tímasetningu breytingarinnar.

Ef þú samþykkir ekki breytta notkunarskilmála áskiljum við okkur rétt til að segja upp samningi um notkun á In-Car Payment frá þeim tíma sem breyttir notkunarskilmálar taka gildi eða hvenær sem er eftir það.

8. TÍMABIL OG UPPSÖGN

8.1. Upphaf samnings og tímabil

Samningur þessi varðandi notkun In-Car Payment hefst þegar þú skráir þig fyrst í In-Car Payment (sjá hluta 2.2). Samningnum lýkur sjálfkrafa þegar samningi þínum um notkun á Bluelink lýkur, nema honum sé sagt upp fyrir í samræmi við ákvæði þessa hluta 8.

8.2. Uppsögn

Samningi um notkun á In-Car Payment getur verið sagt upp af þér hvenær sem er og Hyundai hvenær sem er með eins mánaðar fyrirvara til loka almanaksfjórðungs, að því gefnu að engin greiðsla sé útistandandi.

Hyundai getur einnig sagt þessum samningi upp ef þú samþykkir ekki breytingu á þessum notkunarskilmálum eins og lýst er í hluta 7. Lögbundinn uppsagnarréttur og einkum réttur til uppsagnar af gildum ástæðum er óhaggaður.

Góð ástæða fyrir uppsögn af hálfu Hyundai er sérstaklega fyrir hendi ef þú brýtur gegn skyldum notenda eins og sett er fram í hluta 6.

9.SKAÐABÓTASKYLDA

Skaðabótaskylda Hyundai, óháð lagalegum forsendum (sérstaklega ef um töf, galla eða önnur skyldubrot er að ræða), takmarkast við fyrirsjáanlegt tjón sem er dæmigert fyrir samninginn.

Ofangreind ábyrgðartakmörkun á ekki við um ábyrgð Hyundai vegna vísitandi misferlis eða stórkostlegs gáleysis, vegna tryggðra eiginleika, vegna áverka á lífi, líkama eða heilsu eða samkvæmt lögum um vöruábyrgð.

10.STUÐNINGUR VIÐ VIÐSKIPTAVINI, FYRIRSPURNIR UM GAGNAVERND, KVARTANIR

10.1. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða kvartanir geturðu haft samband við okkur á

10.2. Fyrirspurnir um gagnavernd

Samskiptaupplýsingar fyrir gagnaverndarfyrirspurnir og upplýsingar um persónuupplýsingar sem safnað er og unnið er með í tengslum við þjónustuna má nálgast í persónuverndartilkynningu okkar um In-Car Payment, sem þú getur hlaðið niður á <https://www.hyundai.com/eu/in-car-payment-privacy-notice.html>

10.3. Úrlausn ágreiningsmála á netinu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heldur úti vefsíðu fyrir úrlausn ágreiningsmála á netinu til að neytendur og þeim sem þeir eiga í viðskiptum geti fengið úrlausn á ágreiningsmálum sínum utan dómstóla á <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

Hyundai er ekki skuldbundið til að taka þátt í þessari varaleið til úrlausnar ágreiningsmála fyrir öðrum deiluúrskurðaraðila fyrir neytendur.

10.4. Samkomulag deilumála utan dómstóla

Ef ákvarðanir Hyundai, sem vísað er til í hluta 6, hafa áhrif á þig, hefur þú rétt til að velja hvaða aðila sem er til úrlausnar deilumála utan dómstóla sem hefur verið vottaður í samræmi við 21. gr. DSA til að leysa úr deilum sem tengjast þessum ákvörðunum, þar á meðal kvörtunum sem ekki hafa verið leystar með innra kvörtunarkerfinu sem vísað er til í hluta 6.2.

Hyundai mun eiga samskipti í góðri trú við valinn löggilta aðila til að leysa deiluna utan dómstóla. Hyundai getur neitað að eiga samskipti við slíka aðila til að leysa deilur utan dómstóla ef ágreiningur hefur þegar verið leystur um sömu upplýsingar og sömu ástæður fyrir meintu ólögmæti eða ósamrýmanleika efnis.

Valin stofnun fyrir lausn ágreiningsmála utan dómstóla hefur ekki heimild til að leggja bindandi deiluúrlausn á þig eða okkur.

11.ÝMISLEGT

11.1. Þessir notkunarskilmálar eru heildarsamkomulag aðila varðandi notkun In-Car Payments og ganga frammar öllum fyrri samningum, skriflegum sem munnlegum, á milli aðila um viðfangsefnið.

Þessir notkunarskilmálar bæta við notkunarskilmála Bluelink og Hyundai Pay og þessir notkunarskilmálar gilda í tilfellum ágreinings.

11.2. Þessir notkunarskilmálar eru aðgengilegir á þínu tungumáli. Eftir að þú hefur samþykkt notkunarskilmálana geturðu sótt þá á <https://www.hyundai.com/eu/in-car-payment-terms-of-use.html>

11.3. Skilmálar frá notanda sem fela í sér frávik, eru í andstöðu við eða til viðbótar stýra aðeins notkun In-Car Payment ef að við höfum fallist skriflega á þá með skýrum hætti.

11.4. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við notkunarskilmálana og tilkynningar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þeim verða að vera skriflegar (t.d. með tölvuskeyti, faxi eða staðfestingu í myHyundai appinu) til að gilda.

Krafan um skriflega framsetningu verður aðeins afnumin skriflega.

11.5. Við höfum rétt á að framselja réttindi okkar og skyldur samkvæmt þessum notkunarskilmálum, annað hvort að öllu leyti eða að hluta, til annars þjónustuveitanda með því að veita þér 6 vikna fyrirvara.

Í þessu tilviki átt þú hins vegar rétt á að segja samningnum upp innan mánaðar frá móttöku skriflegrar tilkynningar sem gildir á þeim tíma sem fyrirhugað framsal samningsins er til þess fyrirtækis sem tekur við af Hyundai í samningnum.

Við munum upplýsa þig sérstaklega um þennan uppsagnarrétt í skriflegri tilkynningu.

Til að taka af allan vafa hefur þessi réttur ekki áhrif á rétt þinn til að segja upp notkunarskilmálum og þar með réttinn til að nota In-Car Payment hvenær sem er eins og kveðið er á um í hluta 8.

Síðast uppfært: 19. maí 2025

